

Sent í tölvupósti

Reykjavík, 10. janúar 2023

Alþingi
Allsherjar- og menntamálanefnd
b.t. Bryndís Haraldsdóttir, formaður

Efni: Umsögn til allsherjar- og menntamálanefndar um breytingu á lögum um fjölmiðla, nr. 38/2011 (stuðningur við einkarekna fjölmiðla), 543. mál, 153. löggjafarþing.

Bændasamtök Íslands fagna framkomu frumvarps þessa en samtökin halda úti einum stærsta prentmiðli landsins. Sá miðill er Bændablaðið en hann gegnir lykilhlutverki í að koma á framfæri upplýsingum um landbúnaðartengd málefni sem spanna vítt svið. Í ljósi mjög aukinnar áherslu á fæðuöryggi, matvælaöryggi, umhverfis- og loftslagsmál, sjálfbærni og nýsköpun í landbúnaði þarf vart að fjölyrða um hversu mikilvægur miðillinn er allri umræðu og upplýsingu þjóðarinnar. Þá er Bændablaðið langmest lesni prentmiðillinn á landsbyggðinni eða með yfir 40% meðallestur og hefur því mikilvægu hlutverki að gegna gagnvart umræðu og menningu í hinum dreifðari byggðum.

Rekstrarumhverfi prentmiðils á borð við Bændablaðið hefur verið afar erfitt síðustu árin vegna gríðarlegra hækkana á gjaldahliðinni sem erfitt eða jafnvel ómögulegt er að mæta á tekjuhliðinni. Því er stuðningurinn sem hér um ræðir lykilatriði í því að hægt sé að halda úti vandaðri og upplýstri umræðu um landbúnað sem er einn af grunnatvinnuvegum landsins. Varðandi heildarfjárhæð sem áætluð er til úthlutunar vegna stuðnings við einkarekna fjölmiðla þá bentu Bændasamtökin á það í umsögn um málið á fyrri stigum að eðli máls samkvæmt hefði verðlag bein áhrif á rekstrarkostnað Bændablaðsins og því mikilvægt að fjárhæð stuðningsins geti endurspeglað verðlagshækkanir milli ára. Í meðförum fjárlaganefndar var vegna fjárlaga ársins 2023 lagt til 100 m.kr. auka framlag til viðbótar við þá fjármuni sem eru til úthlutunar til stuðnings einkareknum fjölmiðlum. Sá stuðningur var þó takmarkaður við framlag til rekstrar fjölmiðla á landsbyggðinni sem framleiða eigið efni fyrir sjónvarpsstöðvar. Telja Bændasamtökin, varðandi þá afgreiðslu fjárlaganefndar, að efnistöð, dreifingarsvæði og lestur/áhorf fjölmiðla eigi að skipta meira máli við ákvörðun um úthlutun slíkra styrkja en það hvar á landinu fjölmiðillinn er með heimilisfesti.

Að því sögðu eru fulltrúar Bændasamtakanna reiðubúnir til frekara samráðs og samtals um þau atriði sem fram koma í umsögn þessari.

Virðingarfyllst
f.h. Bændasamtaka Íslands

Hilmar Vilberg Gylfason, lögfræðingur